


## Hvernig skoða ég og breyti skráningu á heilsugæslustöð?

Til þess að breyta skráningu á heilsugæslustöð er farið í Réttindagátt Sjúkratrygginga Íslands á vefsíðunni [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is).



Réttindagátt heldur utan um og birtir upplýsingar og réttindi þín hjá Sjúkratryggingum.

Þegar Réttindagátt er opnuð birtast „Mínar síður“ sem er yfirlitsmynd yfir þá heilbrigðisþjónustu sem þú hefur verið að nota.



Undir Heilsugæsla er farið í „skráning á heilsugæslustöð“ eða „sjá meira“ og þá opnast valmynd þar sem hægt er að sjá á hvaða heilsugæslustöð eða sjálfstætt starfandi heimilislækni viðkomandi er skráður.

Í þessari mynd er hægt að skoða og breyta skráningu á heilsugæslustöð. Ef aðgengi að skráðri stöð hentar ekki er frjálst að færa sig annað eða til sjálfstætt starfandi heimilislæknis.

**Þjónusta SÍ**

- Réttindastaðan mín
- Þjálfun
- Viðskiptastaðan mín
- Heilsugæsla
- Skráning á heilsugæslustöð
- Skjöl
- Umsóknir
- Ferðatryggingar
- Tannlækningar
- Stjórnandi

## Skráning á heilsugæslustöð Prer

**Skráning á heilsugæslustöð**

Allir sjúkratryggðir á Íslandi eiga að vera skráðir á heilsugæslustöð. Hér fyrir neðan sérð þú á hvaða stöð eða hjá hvaða sjálfstætt starfandi heimilislækni þú ert skráð/ur. Þú getur breytt skráningu þinni að vild og skráð þig á þann stað sem þér hentar.

Skráningu er breytt með því að smella á tákn fyrir neðan „Breyta skráningu“. Þá birtist valmynd þar sem þú getur valið þér heilsugæslustöð eða sjálfstætt starfandi heimilislækni.

Aðeins er hægt að vera skráð/ur á einum stað. Um leið og skráningu er breytt fellur fyrr skráning úr gildi. Ný skráning tekur gildi næsta virka dag. Vinsamlegast hafðu samband við móttöku heilsugæslustöðvar ef þú vilt skrá þig hjá tilteknum lækni innan heilsugæslustöðvarinnar.


Upplýsingar um gjaldtöku fyrir þjónustu heilsugæslu, ásamt lögum og reglugerðum sem þær starfa eftir, má finna á [vef Velferðarráðuneytisins og Sjúkratrygginga Íslands](#).


Heilsugæslustöðin í þínu hverfi er: **Heilsugæslan Fjörður**.

**Athugið!**  
Með því að óska eftir breytingu á heilsugæslustöð er einnig verið að samþykka að opna verði fyrir sjúkraskrárupplýsingar þínar á nýrri heilsugæslustöð / sjálfstætt starfandi heimilislækni.

Til að breyta skráningu þinni á heilsugæslustöð / sjálfstætt starfandi heimilislækni smellir þú á tákn undir „Breyta skráningu“. Þá kemur up pluggi með yfirliti yfir heilsugæslustöðvar, þú velur þá stöð / sjálfstætt starfandi lækni sem þú vilt vera skráður hjá og staðfestir. **Frekari leiðbeiningar eru neðst á síðunni**

[Þín skráning](#)

Dags.	Heilsugæsla/Læknir	Nafn læknis	Breyta skráningu
01.09.2016	Heilsugæslan Fjörður		

Með því að smella á tákn  undir „Breyta skráningu“ opnast gluggi með yfirliti yfir heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi heimilislækna.

Heilsugæslur

Heilsugæsla/Læknir	Póstfang	Heimilisfang	Vefsíða
Heilbrigðisumdæmi Austurlands - Heilsugæslur			
Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins - Heilsugæslur			
Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins - Sjálfstætt starfandi heimilislæknar			
Heilbrigðisumdæmi Norðurlands - Heilsugæslur			
Heilbrigðisumdæmi Suðurlands - Heilsugæslur			
Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja - Heilsugæslur			
Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða - Heilsugæslur			
Heilbrigðisumdæmi Vesturlands - Heilsugæslur			

**Staðfesta** **Loka**

Heilsugæslur


Heilsugæsla/Læknir	Póstfang	Heimilisfang	Vefsíða
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða			
Heilbrigðisumdæmi Austurlands - Heilsugæslur			
Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins - Heilsugæslur			
Heilsugæslan Árbæ	110 Reykjavík	Hraunbæ 102d-e	Heilsugæslan Árbæ
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	111 Reykjavík	Hraunbergi 6	Heilsugæslan Efra-Breiðholti
Heilsugæslan Efstaleiti	103 Reykjavík	Efstaleiti 3	Heilsugæslan Efstaleiti
Heilsugæslan Fjörður	220 Hafnarfirði	Fjarðargötu 13-15	Heilsugæslan Fjörður
Heilsugæslan Garðabæ	210 Garðabæ	Garðatorgi 7	Heilsugæslan Garðabæ

**Áfram** **Loka**

Þegar smelt er á línu með heilbrigðisumdæmi, opnast glugginn enn frekar. Til að sjá allar þær heilsugæslustöðvar sem eru í boði þarf að færa til sleða á valmynd.


Valin er sú heilsugæslustöð eða sjálfstætt starfandi heimilislæknir sem hentar og valið „Áfram“. Ef hætta á við að breyta skráningu þá er hægt að velja „Loka“.

Þegar valið er „Áfram“ kemur upp valmynd þar sem spurt er hvort breytt skráning sé samþykkt.



Hjá sumum heilsugæslustöðvum er hægt að velja sér heimilislækni við skráningu, þá opnast felligluggi þar sem hægt er að velja lækni.

Með því að óska eftir breytingu á heilsugæslu er einnig verið að samþykkja að sjúkraskrárupplýsingar sem þig varðar séu færðar yfir á nýja heilsugæslustöð / sjálfstætt starfandi heimilislækni.



Til að breyting gangi í gegn, verður að samþykkja með því að haka í reit í valmynd og velja „Já“. Ef það er ekki gert þá gildir eldri skráning áfram.

Breytingin tekur gildi næsta virka dag. Aðeins er hægt að vera skráð/ur á einn stað hverju sinni. Um leið og skráningu er breytt fellur fyrri skráning úr gildi.

Í valmynd kemur fram á hvaða stöð börn á þínu forræði eru skráð. Fyrstu 6 vikur eftir fæðingu eru börn skráð á þá stöð sem næst er lögheimili þar sem þau fara í ungbarnaeftirlit. Eftir þann tíma geta forráðamenn breytt skráningu. Börn geta verið skráð á aðra heilsugæslustöð en forráðamenn ef það hentar betur vegna ungbarnaverndar.

Með kveðju,

Starfsfólk Sjúkratrygginga Ísland